

18 Staðfesting konungs á skipulagsskrá um „Minningarsjóð cand. theol.
28. marz Gunnlaugs Briem Einarssonar“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 28. marz 1931. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð cand. theol. Gunnlaugs Briem Einarssonar.

Við undirrituð fyrrverandi prestshjón í Reykholti stofnum hér með sjóð með ofanskráðu nafni til minningar um son okkar Gunnlaug Briem, sem dó 18. september 1929, þrjátíu og tveggja ára gamall.

Stofnféð er 500 — fimm hundruð krónur. Það skal ætíð ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, og skal nú þegar skipta því þar í fjórar deildir jafnstórar, og með aðgreindum fjárhag, er séu sérskilin eign hverrar hinna fjögurra sókna Reykholtsprestakalls, Reykholt, Stóra Áss, Gilsbakka og Síðumúla. Leggist sókn (kirkja) niður, skal deild hennar skiptast milli hinna deildanna, að jöfnum hlut til hverrar. — Allir vextir leggjast við höfuðstól, þangað til ársvextir í hverri deild nema að minnsta kosti fjörutíu krónum. Þaðan af má taka út einn fjórða hluta vaxta árlega, og ráðstafar þá hver sóknarnefnd þeim, ásamt hálfum vöxtum af Minningarsjóði okkar hjóna, sem stofnaður er samtímis, til einhvers þess, er styðja má andlega eða líkamlega hollustu og velfarnan í kristilegum anda upp-vaxandi einstaklinga eða kynslóðar þar í sókn. Með sóknarnefnd skal sóknarprestur ætíð vera í samráði um þessi mál, og hafa þar um fyllist atkvæði, þannig að ef atkvæði verða jöfn, skal atkvæði hans ráða.

Mætti blessun Guðs jafnan fylgja því, sem hér er stofnað. Í krafti þeirrar hugsunar fari þeir ætíð með stjórnina, sem það er hér falið.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 2. febr. 1931.

Einar Pálsson. Jóhanna Eggertsdóttir.